



Tillögur að markvissum vinnu- og virkniaðgerðum fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi framhaldstillögur stýrihóps atvinnu- og virknimiðlunar, sem skipaður var í janúar 2021, um tveggja ára þróunarverkefni á sviði vinnu- og virkniaðgerða á tímabilinu 2022 – 2024 fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu.

1. Að atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar, sem hefur verið starfandi frá byrjun árs 2021 í samræmi við samþykkt borgarráðs verði haldið áfram með breyttum forsendum. Helstu breytingatillögur eru þær að aðeins verði markvissar vinnu- og virkniaðgerðir fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu. Gert er ráð fyrir að starfþjálfunarsamningar að jafngildi fjárhagsaðstoðar verði með 75% af störfunum.
2. Að stöðugildum fækki um 5 þannig að áfram verði 4 stöðugildi sérfræðinga sem starfa við vinnumiðlun og við virkniaðgerðir í stað 9 stöðugilda sem voru í fyrsta áfanga verkefnisins.
3. Að atvinnu- og virknimiðlun tilheyri Virkni húsi á velferðarsviði.
Áætlað er að verkefnið hefjist 1. maí 2022. Þeir sem fá aðstoð við vinnumiðlun eru vinnufærir einstaklingar sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.
 - a. Hópur 1: Miðlun í laus störf innan Reykjavíkurborgar með starfþjálfunarsamning, 20 störf á ári
 - b. Hópur 2: Miðlun í störf utan Reykjavíkurborgar með starfþjálfunarsamning, 40 störf á ári.
 - c. Hópur 3: Miðlun í störf utan Reykjavíkurborgar án starfþjálfunarsamnings, 20 störf á ári.

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld við verkefnið muni nema um 103.025 m.kr. árið 2022 eða 309.076 m.kr. á tveggja ára tímabili.

Skiptast útgjöld á tímabilinu í fastan kostnað að fjárhæð 140 m.kr. og starfþjálfunarstyrki að fjárhæð 169 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar muni lækka um 458 m.kr. á þessum tveimur árum. Áætlaður ábati af verkefninu nemi með þeim hætti 149 m.kr. Útgjöld verði færð undir bundna liði velferðarsviðs og fjármögnuð með lækkun fjárhagsaðstoðar.

Til viðbótar þá er gert ráð fyrir að verkefnið skili ábata eftir að því lýkur í formi lægri útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar og er áætlað að sá ábati nemi 387 m.kr.



Greinargerð:

Samþykkt var í borgarráði 25. janúar 2021 að koma á fót markvissum vinnu- og virkniaðgerðum í formi atvinnu- og virknimiðlunar. Markmið aðgerðanna var að takast á við stöðu á vinnumarkaði í kjölfar COVID-19. Aðstæður á vinnumarkaði hafa breyst mikið undanfarið og hefur atvinnuleysi minnkað en skráð atvinnuleysi á Íslandi var 5,2% í febrúar 2022. Fjöldi einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu er nú álíka mikill og fyrir heimsfaraldurinn. Það er reynsla atvinnu- og virknimiðlunar að margir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð þurfi virkni og námskeið tengd atvinnuleit og undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði, sem og aðstoð við að fá starf. Á grundvelli þess er lagt til að atvinnu- og virknimiðlun haldi áfram í breyttri mynd, sem þróunarverkefni til tveggja ára og er hér nánar gerð grein fyrir verkefnistillögunni.

Forsaga og lýsing verkefnis

Vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar hófust haustið 2020 en þær voru hluti af viðspyrnaaðgerðum borgarinnar í kjölfar heimsfaraldursins. Snemma í faraldrinum var ljóst að sóttvarnaaðgerðir myndu hafa mikil áhrif á atvinnulífið og fyrirséð að atvinnuleysi myndi aukast mikið. Óttast var að þeir einstaklingar sem misstu vinnuna vorið 2019, í kjölfar gjaldþrots WOW, ættu erfitt með að finna vinnu í heimsfaraldrinum. Þessir einstaklingar myndu því klára atvinnuleysisbótarétt sinn og lenda á fjárhagsaðstoð. Í sviðsmyndum borgarinnar, sem unnar voru vorið 2020, var m.a. horft til þess hve margir einstaklingar voru að klára bótarétt næstu 12 mánuðina. Ljóst var að ef ekki yrði ráðist í aðgerðir þá gæti fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar stóraukist. Í björtustu sviðsmyndinni var t.d. gert ráð fyrir að fjöldinn færi úr u.þ.b. 1.100 notendum í um 1.500 notendur.


Vinnumarkaðsaðgerðirnar voru hugsaðar sem tímabundið úrræði og áttu þær sér fyrirmynd í þeim aðgerðum sem ráðast var í eftir efnahagshrunið 2008 og reyndust vel. Aðgerðirnar voru bæði fyrir einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð og einstaklinga á skrá hjá Vinnumálastofnun. Á síðustu 20 mánuðum hefur verið miðlað í um 240 tímabundin störf þar sem flest störfín eru til 6 mánaða. Stærstur hluti ráðninganna var innan borgarinnar og fór um helmingur einstaklinga til velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Áhersla var lögð á að manna kjarnastörf og horfa til þeirra einstaklinga sem höfðu verið atvinnulausir í lengri tíma.

Núverandi vinnumarkaðsaðgerðir eru að renna sitt skeið en gert er ráð fyrir að þeim ljúki í lok apríl næstkomandi. Á þessum 18 mánuðum sem aðgerðirnar hafa verið í gangi hafa um 72% einstaklinga ekki snúið tilbaka á fjárhagsaðstoð eftir að tímabundinni ráðningu lýkur sem er sterk vísbending um að vinnumarkaðsaðgerðirnar hafi gengið vel. Vinnumarkaðsaðgerðirnar hafa einnig náð að virkja fólk í atvinnuleit og hafa á tímabilinu verið gerðar margar óbeinar ráðningar, þ.e. eftir að atvinnu- og virknimiðlun hefur haft samband þá fer einstaklingur sjálfur í markvissari atvinnuleit og fær atvinnu á eigin vegum.




Nú er lagt til að koma á laggirnar atvinnu- og virknimiðlun í breyttri mynd sem mun taka við af núverandi aðgerðum. Um er að ræða þróunarverkefni til tveggja ára, byggt á reynslu síðasta árs, þar sem áhersla verður lögð á að hjálpa einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð, sér í lagi flóttafólki og ungu fólki. Úrræðið er hugsað sem viðbót við þá þjónustu sem velferðarsvið veitir einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð. Hlutverk félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð, sem starfa á sviði Virkni og ráðgjafar, er að vinna út frá heildarsýn notenda, taka félags sögu, veita félagslega ráðgjöf og leita úrlausna sem kemur notanda til góða hvort sem um er að ræða nám, atvinnuþátttöku eða endurhæfingu. Ráðgjafar á þjónustumiðstöðum eru með mörg mál eða 80-100 og eiga því mjög erfitt með bæta við sig atvinnuráðgjöf, námskeiðshaldi og skipulagningu, þróun og utanhaldi virkníúrræða. Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð eru langflestir með langt tímabil án atvinnu í ferilskrá og jafnvel mjög litla vinnusögu, og þurfa því aðstoð við að fá tækifæri til að komast út á vinnumarkaðinn. Hlutverk atvinnu- og virknimiðlun verður að veita slíka aðstoð þ.e. halda námskeið og veita einstaklingum aðstoð við að komast í daglega rútínu, öðlast sjálfstraust og opna augun fyrir lausnum. Það getur falið í sér að finna starf við hæfi, útbúa ferilskrá og fá aðstoð við undirbúning fyrir atvinnuviðtal. Það er reynsla atvinnu- og virknimiðlunar að það sé þolinmæðisverk að efla einstakling í að fá trú á sjálfum sér til að fara aftur út á vinnumarkaðinn eftir langa fjarveru. Ráðgjafi atvinnu- og virknimiðlunar myndar traust við atvinnuleitanda á námskeiðum og í samskiptum, sem eykur líkur á ráðningu í starf við hæfi. Reynslan hefur sýnt að eftirfylgni tryggir framhald vinnusögu viðkomandi. Algengt er að ráðgjafi hafi yfir 20 snertingar tengdar ráðningu hjá einstaklingi (þá eru námskeið ekki meðtalin) en einnig eru dæmi um 60 snertingar. Atvinnu- og virknimiðlun hefur byggt upp samband við nokkur fyrirtæki og áætlað efla enn frekar. Kostur þess að verkefnið sé miðlægt er að yfirsýnin sé á einni hendi og þá tryggt að ekki margir séu að hafa samband við sama fyrirtæki. Með atvinnu- og virknimiðlun skapast sérhæfing um virkníúrræði sem efla virkni og færni þátttakenda. Verkefnið er samstarfsverkefni allra sem koma að notendum með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Eftirfarandi mynd sýnir þróun fjölda á framfærslu til fjárhagsaðstoðar frá árinu 2018. Fjöldinn hefur aukist jafnt og þétt frá því að toppi hagsveiflunnar var náð á árinu 2018 og náði fjöldinn hámarki í ágúst 2020 þegar notendur voru 1.418. Síðastliðna mánuði hefur notendum fækkað og eru nú álíka margir notendur og fyrir heimsfaraldurinn, sjá mynd fyrir neðan. Þess má geta að fjöldi fólks sem fékk fjárhagsaðstoð var 1.053 að meðaltali á mánuði árið 2019 og árið 2018 var fjöldinn 960.



Í nóvember sl. voru 1.118 einstaklingar á fjárhagsaðstoð og þar af voru um 429 með erlent ríkisfang eða um 38,3%. Hefur fjöldi einstaklinga með erlendan bakgrunn aukist mikið frá ársbyrjun 2019 sem rekja má að miklu til mikillar aukningar flóttafólks. Vakin er athygli á því að ríkið endurgreiðir borginni framfærslu vegna þessara hópa í 2 ár frá því að einstaklingarnir koma á fjárhagsaðstoð. Endurgreiðsla ríkisins hefur þannig aukist úr 333 m.kr. árið 2019 í um 962 m.kr. árið 2021. Á næstu mánuðum er fyrir séð að þessi útgjöld munu lenda að fullum þunga á Reykjavíkurborg þar sem 2 ára endurgreiðslutímabili ríkisins er að ljúka fyrir stóran hluta hópsins.





Markmið

Helstu markmið atvinnu- og virknimiðlunar verða eftirfarandi:

- Aðstoða þá sem hafa verið án atvinnu til lengri tíma að komast aftur í virkni og atvinnu
- Virkja einstaklinga með þátttöku á námskeiðum og með samskiptum
- Grípa strax nýja einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu
- Atvinnuráðgjöf fyrir einstaklinga í úrræðum Virknihúss
- Áhersla verður á atvinnuþátttöku flóttafólks og ungs fólks
- Stuðla að því að einstaklingar fari í rétt úrræði
- Lækka framfærslugreiðslur velferðarsviðs

Útfærsla og skipulag

Atvinnu- og virknimiðlun hefur hingað til verið og er nú samstarfsverkefni mannauðs- og starfsumhverfis, og velferðarsviðs. Með breyttum forsendum um að nú verði aðeins vinnu- og virkniaðgerðir fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð verður sú breyting gerð að atvinnu- og virknimiðlun verður á velferðarsviði og tilheyrir Virknihúsi, og mun það gera starfið skilvirkara og árangursmeira. Atvinnu og virknimiðlun mun vera áfram í góðu samstarfi við mannauðs- og starfsumhverfissvið og í miklu samstarfi við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

Kostnaðar- og ábatagreining verkefnisins

Markmið verkefnisins um Atvinnu- og virknimiðlun er að miðla í 80 störf á ári hverju og þar af verði 60 á almennum vinnumarkaði, þ.e. ekki innan Reykjavíkurborgar. Unnin hefur verið kostnaðar- og ábatagreining fyrir verkefnið sem byggist á því að einstaklingum er skipt í þrjá hópa.

- Hópur 1: Miðlun í laus störf innan Reykjavíkurborgar með starfsþjálfunarsamning
Gert er ráð fyrir að 20 einstaklingum verði miðlað í laus störf á ári innan Reykjavíkurborgar með starfsþjálfunarsamning. Starfsþjálfunarsamningurinn verði til 6 mánaða og nemur hann ígildi fjárhagsaðstoðar. Því eru engin fjárhagsleg áhrif fyrir borgarsjóð vegna þessara einstaklinga.
- Hópur 2: Miðlun í störf utan Reykjavíkurborgar með starfsþjálfunarsamning
Gert er ráð fyrir að 40 einstaklingum sé miðlað í störf á ári utan Reykjavíkurborgar með starfsþjálfunarsamning. Starfsþjálfunarsamningurinn verði til 6 mánaða og nemur hann ígildi fjárhagsaðstoðar. Því eru engin fjárhagsleg áhrif fyrir borgarsjóð vegna þessara einstaklinga.
- Hópur 3: Miðlun í störf utan Reykjavíkurborgar án starfsþjálfunarsamnings
Gert er ráð fyrir að 20 einstaklingum sé miðlað í störf utan Reykjavíkurborgar án starfsþjálfunarsamnings. Mun það leiða til lækkunar á útgjöldum borgarinnar þar sem einstaklingarnir fara af fjárhagsaðstoð á meðan þeir eru í starfi.



Í öllum tilvikum er miðað við að einstaklingar séu ráðnir í störf til 6 mánaða. Að 6 mánuðum liðnum er gert ráð fyrir að 70% fái áframhaldandi vinnu og snúi ekki tilbaka á fjárhagsaðstoð. Sú forsenda byggir á reynslutölum verkefnisins síðastliðna mánuði. Þá er gert ráð fyrir að 20% snúi tilbaka á fjárhagsaðstoð en hafi unnið sér inn 50% bótarétt hjá Vinnumálastofnun og fái því atvinnuleysisbætur á móti fjárhagsaðstoð. Gert er ráð fyrir að 10% einstaklinga gætu snúið tilbaka á fjárhagsaðstoð án bótaréttar og fái því fulla fjárhagsaðstoð.

Ábati verkefnisins er reiknaður út frá því hversu mikið útgjöld borgarsjóðs lækka við að einstaklingar snúi ekki tilbaka á fulla fjárhagsaðstoð eftir að 6 mánaða ráðningu lýkur. Miðað er við að ábatinn reiknist í 2 ár frá lokum ráðningar og eru útgjöld verkefnisins dregin frá til að meta heildarábata verkefnisins.

Niðurstaða kostnaðar- og ábatagreiningarinnar er sýnd í eftirfarandi töflu:

Áhrif á útgjöld borgarsjóðs fyrstu 6 mán	Mán 1-6		Mán 6-12		Mán 12-18		Mán 18-24		Ábati eftir að verkefni	
	Fj.	Áætlun	Fj.	Áætlun	Fj.	Áætlun	Fj.	Áætlun	Fj.	Áætlun
Atvinnu- og virknimiðlun - Fastur kostnaður										
Teymisstjóri	1	9.017	1	9.017	1	9.017	1	9.017	0	0
Atvinnu- og virkniráðgjafar	3	19.737	3	19.737	3	19.737	3	19.737	0	0
Tölvubúnaður og vinnuaðstaða	4	1.200	4	1.200	4	1.200	4	1.200	0	0
Námskeið og annar stuðningur - önnur aðkeypt vinna	1	5.000	1	5.000	1	5.000	1	5.000	0	0
Samtals		34.954		34.954		34.954		34.954		0
Hópur 1: Einstakling. á fjárhagsaðstoð - miðlað innan Rvk m. starfsþj.samning										
Ráðning í störf innan Rvk	10	14.105	10	14.105	10	14.105	10	14.105	0	0
Fjárhagsaðstoð til framfærslu - lækkun útgjalda	10	-14.105	10	-14.105	10	-14.105	10	-14.105	0	0
Ábati í kjölfar úrræðis - 70% áfram í vinnu, 20% með 50% bótarétt, 10% áfram	0	0	10	-9.684	20	-19.368	30	-29.052	40	-96.840
Áhrif á útgjöld borgarsjóðs		0		-9.684		-19.368		-29.052		-96.840
Hópur 2: Einstakling. á fjárhagsaðstoð - miðlað utan Rvk m. starfsþj.samning										
Ráðning í störf utan Rvk - útgjöld v. starfsþjálfunarsamnings	20	28.210	20	28.210	20	28.210	20	28.210	0	0
Fjárhagsaðstoð til framfærslu - lækkun útgjalda	20	-28.210	20	-28.210	20	-28.210	20	-28.210	0	0
Ábati í kjölfar úrræðis - 70% áfram í vinnu, 20% með 50% bótarétt, 10% áfram	0	0	20	-19.368	40	-38.736	60	-58.104	80	-193.680
Áhrif á útgjöld borgarsjóðs		0		-19.368		-38.736		-58.104		-193.680
Hópur 3: Einstakling. á fjárhagsaðstoð - miðlað utan Rvk án starfsþj.samnings										
Ráðning í störf utan Rvk - útgjöld Rvk	10	0	10	0	10	0	10	0	0	0
Fjárhagsaðstoð til framfærslu - lækkun útgjalda	10	-14.105	10	-14.105	10	-14.105	10	-14.105	0	0
Ábati í kjölfar úrræðis - 70% áfram í vinnu, 20% með 50% bótarétt, 10% áfram	0	0	10	-9.684	20	-19.368	30	-29.052	40	-96.840
Áhrif á útgjöld borgarsjóðs		-14.105		-23.789		-33.473		-43.157		-96.840
Niðurstaða		Áætlun		Áætlun		Áætlun		Áætlun		Áætlun
Fastur kostnaður við AVM		34.954		34.954		34.954		34.954		0
Hópur 1: Áhrif á útgjöld borgarsjóðs		0		-9.684		-19.368		-29.052		-96.840
Hópur 2: Áhrif á útgjöld borgarsjóðs		0		-19.368		-38.736		-58.104		-193.680
Hópur 3: Áhrif á útgjöld borgarsjóðs		-14.105		-23.789		-33.473		-43.157		-96.840
Heildaráhrif á útgjöld Reykjavíkurborgar á ári		20.849		-17.887		-56.623		-95.359		-387.360

Eins og sést í töflunni þá er gert ráð fyrir að verkefnið feli í sér nettó kostnað sem nemur 21 m.kr. fyrstu 6 mánuðina sem rekja má til þess að ábatinn af verkefninu er einungis komin fram að litlu leyti. Eftir því sem líður á verkefnið kemur ábatinn sterkar fram og á 2. ári verkefnisins má gera ráð fyrir að ábatinn sé orðinn meiri en útgjöld borgarinnar við verkefnið. Þannig er gert ráð fyrir að verkefnið skili nettó ábata sem nemur 149 m.kr. á meðan það er í gangi og að það muni síðan skila viðbótarábata sem nemur 387 m.kr. í 2 ár eftir að því lýkur. Heildarábati verkefnisins er því 536 m.kr.



Kostnaður/ábatni fyrstu 2 ár verkefnisins	-149.021
Ábati eftir að verkefni lýkur (2 ár)	-387.360
Samtals ábati	-536.381

Mikilvægasti ábatinn er þó aukin lífsgæði þeirra einstaklinga sem fá aðstoð og eftirfylgni við að komast út á vinnumarkaðinn. Vakin er athygli á því að margir af notendum fjárhagsaðstoðar fá einnig heimildagreiðslur. Þar sem erfitt er að meta áhrif verkefnisins á heimildagreiðslur er ekki gert ráð fyrir ábata vegna þessa í kostnaðar- og ábatagreiningunni.

Heildarábati verkefnisins tekur mið af því að markmið þess náist. Nokkur óvissa ríkir um hversu margir einstaklingar snúa tilbaka á fjárhagsaðstoð eftir á ráðningartímabili þeirra lýkur. Eftirfarandi tafla sýnir ábata verkefnisins m.v. mismunandi forsendur um endurkomu einstaklinga á fjárhagsaðstoð.

Sviðsmyndir	Heildarábati
70% áfram í vinnu / 20% fá 50% bótarétt / 10% áfram á fjárhagsaðstoð	-536.381
60% áfram í vinnu / 25% fá 50% bótarétt / 15% áfram á fjárhagsaðstoð	-441.341
50% áfram í vinnu / 30% fá 50% bótarétt / 20% áfram á fjárhagsaðstoð	-346.301
40% áfram í vinnu / 30% fá 50% bótarétt / 30% áfram á fjárhagsaðstoð	-179.645

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu um framtíðarsýn atvinnu- og virknimiðlunar

Vísað er til tillögu stýrihóps atvinnu- og virknimiðlunar að markvissum vinnu- og virkniaðgerðum fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu, dags. 25. mars 2022. Er þar lagt til að borgarráð samþykki áframhaldandi starfsemi atvinnu- og virknimiðlunar með breyttum forsendum. Í stað almennra mótvægisáðgerða vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19 verði markvissar vinnu- og virkniaðgerðir fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Fyrirliggjandi tillaga hefur verið kostnaðarmetin og er þar gert ráð fyrir að hreinn ábati af verkefninu á tveggja ára tímabili verði 149 m.kr., en auk þess verði 387 m.kr. ábati eftir að verkefninu lýkur vegna lækkunar fjárhagsaðstoðar. Heildarábati af tveggja ára verkefni geti því orðið rúmar 536 m.kr. Miðað er við að 70% þátttakenda haldi áfram í vinnu eftir að 6 mánaða ráðningartímabili til reynslu lýkur og er þar horft til reynslu af núverandi vinnumarkaðsaðgerðum þar sem 72% einstaklinga hafa ekki snúið til baka eftir tímabundna ráðningu. Tillagan gerir ráð fyrir að útgjöld verði færð undir bundna liði velferðarsviðs og fjármögnuð með lækkun fjárhagsaðstoðar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðar- og ábatagreininguna og gerir ekki athugasemdir við útreikningana. Það er mat FAS að verkefnið feli í sér tækifæri til að lækka útgjöld borgarsjóðs og að fjárhagslegur ávinningur verkefnisins sé raunhæfur. Í því ljósi er mikilvægt að sett verði skýr og mælanleg markmið til að meta ávinninginn af verkefninu.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs